

Nd.

516. Frumvarp

til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris og annist aðrar framkvæmdir viðvikjandi gjaldeyrisversluninni samkvæmt lögum þessum. Ber nefndinni enn fremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa eða hækka gengi íslensks gjaldeyris.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sje hann formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

4. gr.

Þegar nauðsyn krefur, getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjer verði afhentur erlendur gjaldeyrir, sem fenginn er eftir að lög þessi öðlast gildi, til umráða handa bönkum eða ríkissjóði fyrir skráð kaupgengi á hverjum tíma.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra, þegar sjerstök nauðsyn krefur, að banna öllum öðrum en bönkunum verslun með erlendan gjaldeyri.

6. gr.

Nú tekur nefndin gjaldeyri samkvæmt 4. gr., og er henni þá skylt að sjá þeim, sem tekið hefir verið frá, fyrir yfirfærslu á alt að jafnmiklum gjaldeyri, þegar hann sýnir það, að honum sje þess þörf sakir atvinnurekstrar sins.

7. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiða Landsbanki Íslands og Íslandsbanki, að hálfu hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um starf nefndarinnar og framkvæmd laganna að öðru leyti.

Brot gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, er sett verður samkv. þeim, varða sektum, frá 100 til 50000 krónum. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. júní 1925.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd ber fram frv. þetta í stað frumvarps til laga um gengis-skráningu (þskj. 225) og frv. til laga um gjaldeyrisnefnd (þskj. 289), er vísað hefir verið til nefndarinnar. Eru í frv. þessu tekin upp aðalákvæði beggja fram-antaldra frumvarpa í nokkuð breyttu formi. Að visu er nokkur ágreiningur á milli einstakra nefndarmanna um það, hvernig skipað er til um einstök atriði, en til samkomulags hafa nefndarmenn þó orðið ásáttir um að bera fram frumvarpið í þessari mynd.

Verður nánari grein gerð fyrir frv. og ágreiningsatriðum í framsögu.